



## Reglugerð um mótahald

### 1. Almenn

- 1.1. Reglugerð þessi nær til þeirra móta sem HNÍ stendur fyrir, Bikarmót, Byrjendamót, félagsmót og Íslandsmeistaramót.
- 1.2. Allt keppnishald skal fara fram eftir reglum Alþjóðlega Hnefaleikasambandsins (World Boxing) nema annað sé tekið fram í lögum og/eða reglugerðum HNÍ.

### 2. Leyfi til mótahalds

- 2.1. Mótshaldari skal senda mótsboð á skrifstofu HNÍ eigi síðar en mánuði fyrir mót.
- 2.2. HNÍ áskilur sér rétt til þess að banna mót ef mótshaldari hyggst ekki fylgja regluverki HNÍ. Ef mótshaldari brýtur gegn regluverki HNÍ í keppni mun brotið verða tekið fyrir hjá aganefnd HNÍ og getur orsakað að viðurlögum verður beitt.
- 2.3. Mótshöldurum ber að senda „Gátlista mótshaldara“ með umbeðnum upplýsingum til HNÍ eigi síðar en 7 dögum fyrir fyrsta keppnisdag. Ef gátlisti berst ekki til HNÍ innan tilsetts tíma er fagnefndum HNÍ heimilt að flytja mótið á annan mótsstað.
- 2.4. Mótshaldarar eiga að fylgjast með því að þátttakendur hafi keppnisleyfi og sjá til þess að einstaklingar án leyfis taki ekki þátt í keppni.
- 2.5. Félagi sem heldur mót er skylt að kanna hjá HNÍ hvort keppendur séu í keppnisbanni, vegna meiðsla eða agabrota.

### 3. Hlutgengi

- 3.1. Keppnisrétt hafa eingöngu félagsbundir iðkendur í viðurkenndum aðildarfélagi innan HNÍ og hafa gilda keppnisbók. Allir iðkendur skulu vera skráðir í félagakerfi íþróttahreyfingarinnar Felix.
- 3.2. Ef erlendi keppendur krefjast skriflegs samnings verður að leggja hann fyrir HNÍ til samþykktar.
- 3.3. Hægt er að sækja um undanþágu við þörun í ungmenna- og unglingaflokkum til mótanefndar HNÍ, þó má ekki muna meira en tveimur aldursárum á keppendum og skulu þeir keppa samkvæmt reglum unglingaflokka.
- 3.4. Keppendur í unglingaflokkum er óheimilt að para gegn keppendum úr Elite flokkum.

### 4. Innvigtun

- 4.1. Keppendur í öllum þyngdarflokkum skulu vera tilbúnir til innvigtunar að morgni keppnisdags. Innvigtun á sér stað að lágmarki 3 klst fyrir fyrstu viðureign. Keppendur eiga rétt á því að einstaklingar af sama kyni sjái um innvigtun þeirra.



- 4.2. Hægt er að sækja um undanþágu á þyngdarflokkum, en ekki skal muna meira en tveimur þyngdarflokkum eða 15kg (á ekki við innan „super heavy“ elite karla eða „heavy“ kvenna og unglinga) á keppendum þegar vigtun á sér stað. Keppendur og þjálfarar þeirra þurfa að samþykka þörunina.

## 5. Læknisskoðun

- 5.1. Keppandi má ekki taka þátt í móti án þess að hafa gengist undir læknisskoðun og fundinn keppnishæfur og það skráð í þáttökubók. Það félag sem ber ábyrgð á mótinu skipar lækninn samkvæmt „Gátlista mótshaldara“.
- 5.2. „Pre-bout“ læknisskoðun skal eiga sér stað sama dag og viðureign fer fram.
- 5.3. Ef keppandi keppir fleiri en eina viðureign á mótinu skal hann fara í læknisskoðun fyrir hverja viðureign.
- 5.4. Keppendum er heimilt að biðja um að einungis einstaklingar af sama kyni séu viðstaddir læknisskoðun fyrir utan lækni.
- 5.5. Læknir skal vera viðstaddur alla keppnina og skal ekki fara af keppnisstað fyrr en hann hefur séð síðasta leik til enda og báða keppendurna sem tóku þátt í honum. Verði læknir að fara af staðnum skal stöðva keppni, nema annar samþykktur læknir sé á staðnum.
- 5.6. Aðrar læknisfræðilegar reglur er að finna í regluverki World Boxing.

## 6. Keppnisskýrsla

- 6.1. Keppnisskýrslur á þar til gerðu eyðublaði skal fylla út, undirrita af mótshaldara og lækni og senda til HNÍ að keppni lokinni.

## 7. Keppnissvæði

- 7.1. Keppnissvæði nær 6 m út frá öllum fjórum hliðum hrings.
- 7.2. Að öðru leyti gilda reglur World Boxing um „Field of Play (FOP)“
- 7.2.1. Hægt er að sækja um undanþágur til mótanefndar HNÍ.

## 8. Búnaður til mótahalds

- 8.1. Um búnað til mótahalds gilda tæknireglur World Boxing. Hægt er að sækja um undanþágu hjá mótanefnd HNÍ.
- 8.2. Mótshaldari skal ávallt útvega hanska, óheimilt er að nota eigin hanska.
- 8.3. Keppendur skulu ávallt vera í nákvæmlega eins hönskun, þó einir rauðir og hinir bláir.

## 9. Mótmæli

- 9.1. Samanborið reglu 9.10.1 í regluverki World Boxing eru mótmæli og kærur óheimilar og ákvarðanir dómara skulu vera endanlegar.